

**ATH** Þetta er eingöngu til að gefa ykkur hugmynd um hvernig samningur milli aðila getur mögulega litið út. Ekkert í þessari fyrirmynd er eitthvað sem Gott að eldast eða

## Þjónustusamningur um rekstur samþættrar þjónustu heimastuðnings og heimahjúkrunar.

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) kt. 610199-2839 annars vegar og Sveitarfélagið Fjarðabyggð, kt. 470698-2099 hins vegar gera með sér eftirfarandi samning um rekstur heimastuðnings í Fjarðabyggð. Um er að ræða eftirfarandi sjö bæjarkjarna og dreifbýli; Mjóifjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík.

### 1. gr. Forsendur samnings

Samningur þessi er gerður á grundvelli þróunarverkefnis um samþættan heimastuðning samkvæmt aðgerð A.1 í þingsályktunartillögu um þjónustu við eldra fólk sem fengið hefur nafnið Gott að eldast, og samþykkt var á Alþingi þann 10. maí 2023. Samningur þessi tekur mið af 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015. Markmið samnings er að veita heilðræna og skilvirka samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu við fólk í heimahúsi og þannig stuðla að öruggri búsetu eldra fólks sem lengst heima, við sem eðlilegastar aðstæður.

### 2. gr. Þjónusta sem samið er um og fjöldi stöðugilda

#### 2:1

HSA mun taka að sér rekstur heimastuðnings á grundvelli VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum og lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Með samþættum heimastuðningi er lögð áhersla á að þjónusta og umönnun sé í einu flæði og viðeigandi þjónusta sé veitt af réttum aðila á réttum tíma.

- Starfsfólk heimastuðnings færast yfir til HSA.
- HSA tekur yfir allan heimastuðning sem Fjarðabyggð veitir í dag svo sem aðstoð við athafnir daglegs lífs, félagslegan stuðning, stuðning við heimilishald og heimsendingu matar.
- Stuðningsþjónusta er veitt að hámarki í 15 tíma á viku ef mat á stuðningsþörf styður það.
- Þrátt fyrir að áhersla samþættrar þjónustu sé á eldra fólk tekur HSA einnig yfir þjónustu við þá einstaklinga sem uppfylla skilyrði þjónustunnar og eru undir 67 ára aldri. Hér er um að ræða einstaklinga sem uppfylla skilyrði sett fram í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og er hámark veittrar þjónustu 15 klukkustundir á viku.
- Umsýsla og ábyrgð 11 sveigjanlegra dagdvalarrýma færast frá Fjarðabyggð til HSA við undirritun samnings.
- Sé stuðningsþörf vegna fötlunar meiri en svo að henni verði mætt með þjónustu eða aðstoð sem tilgreind er í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga 40/1991 skal stuðningur samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþörf 38/2018 koma til viðbótar og þjónustan samþætt í þágu notanda. Sértek hjúkrun inn á íbúðakjarna er hluti af þjónustu sem veitt er samkvæmt þessum samningi eins og á önnur heimili á svæðinu.
- Hluti af heimþjónustu Fjarðabyggðar er veittur í formi þjónustuíbúða sem eru skilgreindar sem þjónustustig I. Í því felst viðvera starfsmanns/starfsmanna frá kl. 08:00-16:00 virka daga

**Athugasemd [NG1]:** Þarf ekki að vera skýrara að þeir eru ekki hluti af þessum samning

og frá kl. 10:00-16:00 um helgar, hádegismatur er framreiddur alla daga og stuðningur er við íbúa miðað við þjónustupörf.

## 2:2

Stöðugildi sem færast frá Fjarðabyggð yfir til HSA eru 8 talsins. Stöðugildi HSA í heimastuðningi eru 7,1 talsins.

### 3.gr. Greiðslur

Við gildistöku þessa samnings greiðir sveitarfélagið Fjarðabyggð Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) 8.260.000 m.kr. á mánuði vegna launa starfsfólks að meðtöldum veikindalaunu, orlofi og öllum launatengdum gjöldum. Fjárhæðin sætir breytingum í samræmi við kjarasamninga starfsgreinafélags Austurlands (AFLS). Í þessum tölum er gert ráð fyrir vinnutímabreytingu sem tekur gildi árið 2024.

Stöðugildi heimaþjónustunnar eru 8 í dag (með þrífum) og raðast 6 starfsmenn í launaflokk 127 (AFL) og 2 í launaflokk 133 (AFL).

Vörukaup alls (ræstivörur og kaffikostnaður) 1.000.000 kr.  
Yfirstjórnarkostnaður(5%): 4.700.000 kr.  
Afleysingar/veikindi (6%) 5.640.000 kr.  
Námskeiðagjald/fræðsla: 1.000.000 kr.  
Kostnaður vegna heimsendingu matar: 11.700.000 kr. (með akstri)

Rekstrarkostnaður: 23.940.000 kr. á ári.  
Launakostnaður og akstur starfsmanna: 99.120.000 kr á ári.

### 4. gr. Rekstur og sameiginlegur fjárhagsrammi

Til þjónustunnar leggur HSA 109,2 milljónir króna á ári miðað við núverandi þjónustu heimahjúkrunar í Fjarðabyggð. Um er að ræða 7,1 stöðugildi og er þar með talið 1 stöðugildi stjórnanda heimahjúkrunar í Fjarðabyggð. Vantar aksturskostnað og spurning hvort ekki sé betra að reikna með rekstri á 3 bílum

Aksturskotnaður ca. 4.500.000,- kr.  
Yfirstjórnarkostnaður 5%: 5.458.600

Vörukaup : 3.000.000,- kr.  
Afleysingar/veikindi: 6.550.320,- kr.  
Námskeiðagjald: 1000.000,- kr.

Samtals:  
Rekstrarkostnaður: 20.508.920 kr.  
Launakostnaður: 109.200.000 kr.

Samtals 129.708.920 kr.

Sameiginlegur fjárhagsrammi samþætts heimastuðnings og heimahjúkrunar er því 252.768.920 kr.

Samningur þessi byggir á núverandi kostnaði við veitingu þjónustu beggja aðila á heimastuðningi. Samstarf aðila gerir ráð fyrir að með sameinuðum heimastuðningi skapist hagræði í þjónustunni, hvort sem er fjárhagslega, skipulagslega eða gæðum hennar. Ef í ljós kemur á samningstímanum að þjónustan rúmast ekki inn fjárhagsrammans mun stýrihópur samningsaðila gera grein fyrir frávikum og leggja fyrir samningsaðila.

#### **4.gr.**

##### **Samráðsfundir og mat**

Tengiliður HSA er framkvæmdastjóri hjúkrunar og tengiliður Sveitarfélagsins Fjarðabyggðar er sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Samningsaðilar munu stofna stýrihóp beggja aðila og halda samráðsfundi 4-6 sinnum á ári um framkvæmd þessa samnings m.t.t. mælanlegra markmiða og að verkefnið sé innan fjárhagsramma. Þar sem samningur þessi byggir á þátttöku aðila í þróunarverkefni Gott að eldast, verða reglulegir samráðsfundir með aðilum frá Gott að eldast.

#### **5. gr.**

##### **Starfsfólk**

HSA ræður starfsmenn heimastuðnings Fjarðabyggðar til að sinna heimastuðningi og verða þeir starfsmenn HSA með öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgja sbr. lög nr. 72/2002 réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. HSA tryggir að starfsfólk fái viðeigandi þjálfun.

Núna eru 6 starfsmenn starfandi í heimastuðningi Fjarðabyggðar en fjárhagslegt ígildi 2 stöðugilda er notað til að greiða verktökum fyrir þrif í heimahúsum.

#### **6.gr.**

##### **Málsmeðferð**

Samningur þessi breytir engu í réttarstöðu notenda og umsækjanda um þjónustu m.a. hvað varðar málsmeðferð og málsköt, sbr. 6. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum en þar segir að þjónustuþegi geti skotið ákvörðun um mat á þjónustu til sveitarfélags.

#### **7. gr.**

##### **Upplýsingar, áfangaskýrsla og eftirlit**

Stýrihópur HSA og Fjarðabyggðar skal veita Sveitarfélaginu Fjarðabyggð og framkvæmdastjórn HSA upplýsingar um stöðu og framvindu verkefnisins, á 6 mánaða fresti. Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda ákvæði laga um ársreikninga, nr. 3/2006 og laga um bókhald, nr. 145/1994.

#### **8. gr.**

##### **Vanefndir og meðferð ágreinings**

HSA skal tilkynna sveitarfélaginu Fjarðabyggð tafarlaust ef talinn er vafi leika á að hann geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Þá skal jafnframt greina frá úrræðum sem grípa á til. Samningur þessi lýtur íslenskum lögum. Rísi ágreiningur út af samningi þessum, tilurð hans, efni eða öðrum atvikum honum tengdum, skulu aðilar leitast við að leysa úr slíkum ágreiningi í sameiningu.

#### **9. gr.**

##### **Gildistaka og fl.**

Samningur þessi tekur gildi ~~xxx~~ 2025 og gildir til 31. desember 2027

Samningur þessi er uppeggjanlegur af hálfu beggja samningsaðila með 3 mánaða fyrirvara.

Af samningi þessum skulu gerð tvö samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins. Eitt eintak skal vera í vörslu sveitarfélagsins Fjarðabyggðar og eitt eintak í vörslu Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

Fjarðabyggð, XX. nóvember 2024

---

Heilbrigðisstofnun Austurlands

---

Sveitarfélagið Fjarðabyggð

DRÖG

**Viðauki**